Nd. **98. Frumvarp**

til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson, Eyf.

Síðasti málsliður fyrstu málsgreinar 36. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóv. 1905 orðist þannig:

Sömuleiðis má leggja útsvar á verzlanir í hreppnum, sem reknar eru að minsta kosti 4 vikur af gjaldárinu, og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í hreppnum, sem rekin eru að minsta kosti 4 mánuði af gjaldárinu, þótt eigendur þeirra hafi ekki haft þar fast aðsetur.